



11. apríl 2016
Hallveigarstöðum, Reykjavík

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.

Kvenréttindafélag Íslands fagnar þessu frumvarpi sem kveður á um lengingu fæðingarorlofs og hækkun mánaðarlegra hámarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.


Núverandi fæðingarorlofskerfi skapar foreldrum ungra barna ekki það fjárhagslega öryggi sem þarf að vera til staðar þegar fólk tekur á sig jafn stóra skuldbindingu og að eignast barn. Framfærsla er bæði of lág og fæðingarorlof of stutt. Það er því löngu tímabært að styðja við fæðingarorlofskerfið.

Reynsla síðustu ára hefur sýnt að með lækkun hámarksgreiðslna hefur dregið úr fæðingarorlofstöku fedra. Það er því afar brýnt jafnréttismál að hámarksgreiðslumarkið sé hækkað til þess að fedur haldi áfram að nýta rétt sinn til fæðingarorlofstöku. Það eykur jafnrétti kynja á vinnumarkaði en skiptir ekki síður máli varðandi tengslamyndun fedra við börn sín sem bæði stuðlar að auknum lífsgæðum barna og fedra og auknu jafnrétti kynja innan heimilisins.

Kvenréttindafélag Íslands vill einnig koma á framfæri þeirri skoðun sinni að réttindum á vinnumarkaði eigi ekki að deila með öðrum og telur því eðlilegt að hvort foreldri um sig eigi 6 mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs.

Í greinargerð með frumvarpinu er bent á að í frumvarpinu er ekki kveðið á um hækkun lágmarksgreiðslna eða fæðingarstyrkja sem nýtast þeim sem eru í lágu starfshlutfalli, í námi eða utan vinnumarkaðar. Kvenréttindafélag Íslands telur mjög mikilvægt að í framhaldi af breytingu á fæðingarorlofslöggjöfinni verði greiðslur til þeirra sem eru fyrir utan vinnumarkað eða jaðarsettir á vinnumarkaði hækkaðar að sama marki.

Jafn réttur foreldra til fæðingar- og foreldraorlofs er ein grundvallarstoð jafnréttis kynjanna.



Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands